

# Framhaldsaðalfundur félags íslenskra félagsvísindamanna (FÍF)

fimmtudaginn 21. mars 2019, kl. 12.00

Borgartúni 6, 4. hæð

## Dagskrá:

1. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram
2. Rekstrarætlun fyrir árið 2019 kynnt
3. Ákveðið árgjald
4. Önnur mál

Hugrún R. Hjaltadóttir, formaður lagði til að Júlíana Guðmundsdóttir, starfsmaður þjónustuskrifstofu FFSS yrði fundarritari og ennfremur að hún sjálf yrði fundarstjóri. Samþykkt samhljóða.

- 1) Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram
  - a) Hugrún lagði fram gögn fundarins og reikninga félagsins eins og þeir komu úr DK bókhaldskerfinu. Spurt var hvaðan þeir peningar komu sem notaðir voru til kaupa í húsnæðinu að Borgartúni 6. Halldór, K. Valdimarsson, (HKV) framkvæmdastjóri FFSS svaraði því til að þeir peningar hefðu verið fengnir að láni frá vísindasjóði félagsins til þess að þurfa ekki að hreyfa við fjárvörslureikningi félagsins.
  - b) HKV sagði frá því að í vísindasjóði félagsins væru peningar sem félagið þyrfti að ráðstafa. Þetta væru peningar sem félagsmenn hefðu ekki leyst úr sjóðnum þrátt fyrir ítrekanir og tölvupósta frá skrifstofu FFSS. Það er hægt að ráðstafa hluta af þessum peningum þar sem félagsmenn eiga kröfu á sjóðinn fjögur ár aftur í tímann en þá fyrnist krafan. FÍF þarf að taka ákvörðun um þessa peninga og hvernig sé best að ráðstafa þeim.
  - c) HKV upplýsti ennfremur að félagið ætti enga peninga í sérstökum sjóði merкта sem verkfallsjóð.
  - d) Ársreikningurinn lagður fram og samþykktur samhljóða.
- 2) Rekstrarætlun fyrir árið 2019 kynnt
  - a) HKV fór yfir rekstraráætlun ársins og hún miðaði við að félagsgjöldin yrðu lækkuð úr 0.95% í 0.90% frá og með 1. júní nk. Lækkunin kæmi þá með maí gjöldunum og sýnir sig 1. júní.
  - b) Hugrún upplýsti um það að félagið standi frammi fyrir miklum kostnaði vegna komandi kjarasamningsviðræðna.
  - c) Rekstraráætlun lögð fram og samþykkt samhljóða.

- 3) Ákveðið árgjald – Lækkun félagsgjalda í 0,9% lögð fyrir fundinn og var það samþykkt samhljóða. Samþykkt á fundinum að setja inn tilkynningu um lækkun félagsgjalda á vefsíðu FÍF ásamt tilkynningu í tölvupósti til félagsmanna.
- 4) Önnur mál
  - a) Umræður sköpuðust um komandi kjarasamninga og einnig var rætt um samflot félaganna fjögurra, þ.e. FÍF, Fræðagarðs, stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU) og stéttarfélags lögfræðinga (SL). Þessi félög munu vera í samfloti en enn er óljóst hvort um BHM samflot verði að ræða eða ekki og hvort félögin geti komið sér saman um viðræðunefnd um stóru málin sem verða eingöngu rædd á stóra borðinu en ekki við eitt og eitt félag.

Fundi slitið kl. 12.50